

## Hverfabýggð og þorpsmyndun

Þegar 19. öld gekk í garð þá var byggð í svipuðu horfi og verið hafði þ.e.a.s. það voru þrjú hverfi. Járngerðarstaðarhverfi var fjölmennast með 59 íbúa og þéttbýlust en þá strax var komin vísir að þéttbýli. Járngerðarstaðir (höfuðbýlið) Garðhús, Krosshús, Gjáhús, Akurhús, Rafnhús, Hóll, Vallarhús (hjáleigur) og Láangi (tómthús) og voru mun færri íbúar í hinum tveimur hverfunum. Járngerðarstaðahverfi hélt áfram að vaxa og varð miðstöð byggðar í Grindavík og var stærsta hverfið alla 19. öldina. Frá árinu 1880-1900 rúmlega tvöfaldaðis mannfjöldi og fjöldi heimila bæði í Járngerðastaðahverfi og Þórkötlustaðahverfi, þannig voru risin tvö hverfi um aldamótin en Staðarhverfi (í miðjunni) stóð í stað. Á fyrri hluta 20. aldar reis kjarni Grindavíkurkauptúns sem hlaut kaupstaðarréttindi árið 1974 í Járngerðarstaðarlandi (Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, 1996).